

gerðarþola, alls ekki sannað, að gerðarþoli hafi átt heimili í Reykjavík eða rekið þar þannig lagaða atvinnu, að honum beri einnig að greiða þar útsvar. Samkvæmt þessu er eigi unnt að taka kröfu lögtaksbeiðanda til greina.

Miðvikudaginn 27. nóv. 1935.

Nr. 109/1935. **Valdstjórnin** (Sveinbjörn Jónsson)

gegn

Þorsteini Hálfðánarsyni

(Lárus Jóhannesson).

Sýknun af kærðu fyrir brot á ákvæðum 5. mgr. 1. gr. gjaldþrotaskiptalaganna.

Dómur lögregluréttar Vestmannaeyja 29. dez. 1934:
Kærður, Þorsteinn Hálfðánarson, greiði 100 króna sekt til ríkissjóðs og komi 10 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 30 sólarhringa frá lögbirtingu dóms þessa.

Kærður greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Eins og nánar er skýrt frá í hinum áfrýjaða lög-regluréttardómi, telur kærði, að gjaldþrot hafi vofað yfir honum frá því á síðari hluta ársins 1931, en hann hafi þó getað haldið útgerðinni áfram fram yfir vetrarvertíð 1933, sökum þess að útibú Útvegsbanka Íslands h/f í Vestmannaeyjum hélt áfram að lána fé til útgerðarinnar gegn veði í fiskaflanum. Aðrar skuldir en þær, sem kærður var í við Útvegsbankann, kveður hann hafa stofnast þannig, að hann hafði áframhaldandi viðskipti við þá, sem hlut áttu að máli, hafi hann greitt þeim upp

í viðskiptin eftir því sem hann gat, en eftir að komið var fram á síðari hluta ársins 1931 hafi hann þó ekki greitt neitt af eldri skuldunum nema vexti af veðskuldunum. Þá greiddi hann eftir því sem honum var unnt. Með því nú að útibú Útvegsbankans hélt áfram að styðja kærða með fjárframlögum til að reka útgerð fram yfir síðustu vertið fyrir gjaldþrotið í þeirri von, að því er ætla má, að hann, sem var efnalega sjálfstæður, þegar hann byrjaði útgerðina, myndi rétta við aftur, og þar eð af öðrum þeim upplýsingum, sem fram hafa komið í málinu, þykir óvarlegt að draga þá ályktun, að um slíka stöðvun á skuldagreiðslum kærða, sem um ræðir í 5. málsgrein 1. gr. laga nr. 25 frá 1929 um gjaldþrotaskipti, hafi verið að ræða fyrr en um það leyti, er hann af sjálfsdáðum gaf bú sitt upp til gjaldþrotaskipta, þykir rétt að sýkna hann af kæru valdstjórnarinnar í máli þessu. Samkvæmt þessum úrslitum ber að sýkna kærða af greiðslu sakarkostnaðar bæði í héraði og hæstarétti, og verður að greiða hann úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 60.00 til hvors.

Rannsókn máls þessa er að ýmsu leyti ábótavant. M. a. er það að athuga, að lánardrottinn kærða hafa ekki verið yfirheyrðir um viðskipti sín við hann og að hvorki hefir verið lagt fram fæðingar-né hegningarvottorð kærða.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Þorsteinn Hálfánarson, á að vera sýkn af kæru valdstjórnarinnar í máli þessu. Sakarkostnaður allur, bæði í héraði og hæstarétti, greiðist úr ríkissjóði, þar með talin mál-

flutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálaflutningsmannanna Sveinbjarnar Jónssonar og Lárusar Jóhannessonar, kr. 60.00 til hvors.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af hálfu valdstjórnarinnar gegn Þorsteini Hálfðánarsyni, útgerðarmanni, til heimilis Kirkjuveg 57, hér í bænum fyrir brot gegn ákvæðum gjaldþrotalaganna nr. 25, 14. júní 1929.

Málavextir eru sem hér segir:

Með úrskurði skiptaréttar Vestmannaeyja uppkveðnum þann 14. september 1933, var bú kærða tekið til gjaldþrotaskiptameðferðar, eftir beiðni kærða sjálfs, sem ekki taldi sig geta staðið í skilum með greiðslu skulda sinna, en hann hafði þá rekið útgerð, þ. e. gert út hálfan v. b. Viggó, V. E. 289 frá því í byrjun vetrarvertiðar árið 1930, en áður hafði kærður stundað landbúnað að Vattarnesi í Suður-Múlasýslu, en hætti búskap þar haustið 1930 og fluttist búferlum hingað til Vestmannaeyja og keypti þá fyrrnefndan vélbát hálfan og húseignina Staðarhól (Kirkjuveg 57), hér í bænum.

Kærður hefir borið í málinu, að hann hafi átt kr. 8000.00 afgangskuldum, er hann hafi selt eignir sínar er hann hætti búskapnum að Vattarnesi og kveðst hann hafa greitt það fé allt upp í kaupverð framangreindrar húseignar, sem hann kveðst hafa keypt fyrir kr. 16000.00, en greiddi kaupverðið að öðru leyti með því að hann tók að sér að greiða veðskuldir, sem hvíldu á húseigninni. En framangreindan vélbát, sem kærður keypti, ásamt tveim öðrum mönnum, er keyptu $\frac{1}{4}$ hluta bátsins hvor, kveðst kærður þá hafa keypt fyrir kr. 18000.00, en kveður þá því næst hafa orðið að láta gera við bátinn fyrir kr. 8500.00 og hafi raunverulegt kaupverð bátsins því orðið kr. 26500.00.

Framangreindan vélbát, kveðst kærður hafa gert út til fiskveiða að hálfu, ásamt með meðeigendum sínum, á vetrarvertiðinni árin 1931—1933 (incl.) og sumurin 1931 og 1932, til dragnótaveiða, en ekki sumarið 1933.

Kærði hafði ekkert reglulegt bókhald fyrir útgerð sína og hefir því verið örðugt að upplýsa til hlítar, um hag útgerðarinnar á hverjum tíma, en kærður kveðst hafa tapað miklu fé á útgerðinni, þegar á fyrsta árinu (1931) eða 14000—15000 króna hreint rekstrartap, án tillits til fyrningar á eignum hans, sem til útgerðarinnar voru notaðar og hefir kærður borið, að gjaldþrot hafi ætíð vofað yfir honum, frá því kom fram á síðari hluta ársins 1931. Hann kveðst einnig hafa tapað fé á rekstri útgerðarinnar, árin 1932 og 1933 en hefir þó eigi getað sagt nákvæmlega um hve mikið tapið hafi verið það ár, en kveður það hafa verið 6000 til 8000 kr. bæði árin, sem virðist samkvæmt framburði hans, hafa verið hreint rekstrartap, án tillits til fyrningar á eignum. Og kveður hann hafa legið við að hann yrði að framselja bú sitt til gjaldprotaskiptameðferðar í nóvembermánuði 1932, vegna þess að útibú Úvegskbanka Íslands h. f. hér í bænum, sem lánað hafði kærðum (og meðeigendum hans) fé til reksturs útgerðarinnar gegn veði í fiskafli, hafi verið tregt að halda því áfram og vildi jafnvel krefjast þess að kærður framseldi þá bú sitt til gjaldprotaskiptameðferðar, þó eigi yrði af því. En nefnt bankaútibú lánaði þó kærðum fé til reksturs útgerðarinnar næsta ár, gegn veði í fiskafli og sá um sölu aflans og greiddi verkafólki því, sem vann við útgerð kærðs, kaup þess af andvirði aflans og fékk lán sín greidd af andvirði hins veðsetta afla, eftir því, sem það hrökk til.

Er kærður framseldi bú sitt til gjaldprotaskiptameðferðar, voru eignir hans allar, sem voru framangreind húseign, framangreindur vélbátur hálfur, $\frac{1}{2}$ vöruflutningabifreið og lítilsháttar annað af lausafé, — virtar á kr. 19656.00. Húseignin og bátshlutinn var lagt ófullnægðum veðhafa út til eignar, fyrir kr. 10000.00. Bifreiðarhlutinn, sem einnig var veðsettur, var seldur á kr. 350.00, en öðrum eignum þeim, sem skrifaðar voru upp, fékk kærður að halda eftir samkv. ákvæðum aðfararlaganna. Skuldir þær er kærður skuldaði þá, voru samkv. skrá yfir skuldarnar, sem hann afhenti skiptaráðanda, kr. 61788.00, en lýst var í búið kröfum samtals að upphæð kr. 49585.92, auk vaxta og kostnaðar og auk þess £ 203-6-6 einnig auk vaxta og kostnaðar.

Að áliti réttarins verður að telja nægjanlega upplýst í

málinu, að hag kærðs hafi verið þann veg komið, þegar í lok ársins 1931, að honum hafi þá samkv. 5. mgr. 1. gr. laga nr. 25, frá 14. júní 1929, borið skylda til þess að framselja bú sitt til gjaldþrotaskiptameðferðar, en enn augljósari er þó skylda kærða til þess orðin, haustið 1932 eða í lok þess árs, er séð varð, hvernig afkoma útgerðar kærða á því ári varð.

Það verður því að álitu réttarins að telja, að kærður hafi, með því að framselja ekki bú sitt til gjaldþrotaskipta fyrr en hann gerði, brotið gegn framangreindu lagaákvæði og þykir refsing sú er hann hefir unnið til, hæfilega ákveðin 100 króna sekt til rikissjóðs og komi 10 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 30 sólarhringa frá lögbirtingu dóms þessa.

Kærður greiði allan kostnað sakarinnar.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Fimmtudaginn 28. nóvember 1935.

Nr. 130/1933. **Helgi Guðbjartsson**

(Einar B. Guðmundsson)

gegn

Skiftaráðanda Ísafjarðar f. h. þrotabús Sæmundar Albertssonar og Charles Bjarnasyni (Garðar Þorsteinsson).

Úrskurður hæstaréttar.

Með dómi gestaréttar Ísafjarðar frá 28. febr. 1933 var áfrýjandi dæmdur til að skila hinu stefnda þrotabúi bifreiðinni Í. S. 36 innan 30 daga frá birtingu dómsins, en að öðrum kosti til að greiða búinu kr. 2500.00 með vöxtum 5% p. a. frá 22. des. 1932 til greiðsludags. Var því næst krafizt aðfarar hjá áfrýjanda samkvæmt dóminum þann 3. okt. 1933. Bifreiðin var þá norður á Akureyri, og með því að áfrýjanda var með úrskurði fúgetaréttarins þann 14.